



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 73/2011

Notkun V.D. Hönnunarhúss ehf. á heitunum Volcano Design og Volcano Icelandic Design

I.

Erindið

Neytendastofu barst erindi Volcano Iceland ehf. með tölvupósti dags. 30. júní 2011. Þar segir að Volcano Iceland sé skráð firmaheiti frá því í maí 2009 og hafi skráð vörumerkið Volcano hjá Einkaleyfastofu frá því í september 2010, án athugasemda. Þegar firmaheitið hafi verið skráð hafi ekki verið hægt að sjá að merkið væri í notkun á fatnaði á Íslandi.

Volcano Iceland hafi uppgötvað að verið væri að nota merkið Volcano Design og hafi það verið gert án viðræðna við Volcano Iceland. Þá hafi Volcano Design einnig byrjað að nota heitið Volcano Icelandic Design en óljóst sé hvenær. Í júní 2011 hafi Volcano Iceland sent formlega kvörtun til Kötlu Hreiðarsdóttur vegna notkunar hennar á heitinu Volcano Icelandic Design. Katla hafi haldið því fram að vörumerkið Volcano Design hafi verið í notkun frá árinu 2008.

Bæði vörumerkin séu fyrir hönnun á tískufatnaði fyrir konur og Volcano Iceland hanni einnig stuðningsvörur. Neytendur geti auðveldlega villst á vörumerkjunum og hafi margar ábendingar borist til Volcano Iceland. Þá virðist sem neytendur að mestu nota Volcano og sleppi Design. Þá jók það enn á ruglinginn þegar Volcano Design hafi byrjað að nota Volcano Icelandic Design. Volcano Iceland telji að Katla Hreiðarsdóttir hafi valdið Volcano Iceland skaða og telji ekki mögulegt að fleiri en einn aðili selji tískufatnað fyrir konur undir sama vörumerki, Volcano og óski eftir því að notkun Kötlu á vörumerkinu Volcano verði stöðvuð.



II. Málsmeðferð

1.

Erindi Volcano Iceland var sent V.D. Hönnunarhúsi ehf. til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 4. júlí 2011. Var þess getið að í erindinu væri ekki vísað til lagagreina, en að mati Neytendastofu kæmu 5. gr. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningar til álita í málinu.

Svar Kötlu Hreiðarsdóttur f.h. V.D. Hönnunarhúss er dags. 12. júlí 2011. Þar segir að hún telji notkun sína á vörumerkinu Volcano sé í fullu samræmi við lög nr. 57/2005.

Allt frá árinu 2008, hafi hún hannað og selt sínar vörur undir merki Volcano. Opinbert upphaf Volcano markist af tískusýningu sem haldin hafi verið 17. júlí 2008, í tilefni af opnun búðarinnar Volcano sem þá hafi verið staðsett að Skúlagötu 63 í Reykjavík. Á sama tíma hafi verið opnuð heimasíða volcanodesign.org, þar sem vörurnar hafi verið kynntar auk þess sem fjallað hafi verið um það sem helst hafi verið fréttnæmt frá Volcano á hverjum tíma. Ný heimasíða, volcanodesign.is hafi verið opnuð um miðjan mars 2009.

Skv. vörumerkjalogum geti vörumerkjaréttur stofnast með skráningu en einnig fyrir notkun vörumerkis á vöru eða þjónustu. Þá segir í lögnum að þegar tveir eða fleiri krefjist vörumerkjaréttar á auðkennum er villast megi á, þá gangi eldri réttur fyrir yngri ef annað leiði ekki af ákvæðum laganna. Ljóst sé að V.D. Hönnunarhús hafði ekki skráð vörumerkið Volcano þegar óskað hafi verið eftir skráningu á Volcano f.h. Volcano Iceland. V.D. Hönnunarhús hafi ekki búið yfir þeirri vitneskju að vörumerki mætti skrá og hafi talið að búa þyrfti við það að annar aðili hefði hafið sölu undir heiti Volcano. Eftir að hafa kynnt sér löggjöf um vörumerki geti hún ekki komist að annarri niðurstöðu en að hún hafi öðlast réttinn til Volcano á árinu 2008, þrátt fyrir að Volcano Iceland hafi fengið vörumerkið skráð um mitt ár 2010.

Þegar Volcano Iceland hafi verið skráð í firmaskrá hafði Volcano Design hlotið talsverða opinbera umfjöllun fyrir utan það að hafa verið með heimasíðu og hafa verið skráð í símaskrá. Verslun hafi verið opnuð í júlí 2008 og frá því í mars 2010 hafi verslunin verið til húsa að Laugavegi 40 í Reykjavík. Volcano Iceland hafi sótt um skráningu vörumerkisins Volcano í júní 2010 en á þeim tíma hafi Volcano Design hlotið enn meiri umfjöllun í blöðum og einnig vefmiðlum. Það fái því varla staðist að þegar Volcano Iceland hafi skráð firmaheitið hafi ekki verið hægt að sjá að merkið væri í notkun á fatnaði á Íslandi.

Frá árinu 2008, hafi mikil vinna farið í markaðssetningu vörumerkis Volcano Design. Í upphafi hafi heitið Volcano Design verið notað til þess að gefa til kynna að um hönnun væri að ræða. Við



flutning verslunarinnar á Laugaveg, þangað sem mikill fjöldi ferðamanna leggi leið sína, hafi verið ákveðið að merkja fyrirtækið sérstaklega sem íslenska hönnun en slíkt sé alvanalegt hjá hönnunarbúðum á Laugavegi og verður varla talið óréttmætir verslunarhættir. Þvert á móti mætti halda því fram að það teldust óréttmætir verslunarhættir að meina fyrirtækinu að auðkennið íslenska hönnun enda vandséð hvernig hægt sé að öðlast einkarétt til notkunar á orðinu Icelandic á Íslandi.

Heimasíða fyrirtækisins heiti volcanodesign.is og þannig sé verslunin skráð í símaskrá. Almennt sé talað um Volcano eða Volcano Design og verslunin á Laugavegi heiti Volcano. Icelandic Design er bætt fyrir neðan logoið. Notkun á orðunum Icelandic Design sé í fullu samræmi við lög og hafi ekkert verið aðhafst þannig að skilja megi að verið sé að gefa villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda eða að reynt sé að blekkja neytendur eða veita þeim rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um viðskipti.

Í erindi Volcano Iceland komi fram að talið sé að Volcano hafi valdið Volcano Iceland skaða á vörumerki fyrirtækisins og telji Volcano Iceland ekki mögulegt að fleiri en einn aðili selji tískufatnað fyrir konur undir sama vörumerki. Volcano Iceland hafi gefið í skyn að fyrirtækið sé hætt í tískuvöru, a.m.k. í bili og einbeiti sér að varmahlífum. Ómögulegt sé að sjá að það geti valdið neytendum vanda að greina á milli þessara tveggja fyrirtækja hvað það varði. Þess megi jafnframt geta að ekki hafi orðið mjög vart við það að viðskiptavinir Volcano rugli fyrirtækjunum saman og hafi fáar kvartanir borist yfir því að neytendur hafi farið fyrst til Volcano Iceland í leit að vörum Volcano. Það eitt sem sammerkt sé með merkjum fyrirtækjanna sé að orðið Volcano kemur fram í þeim báðum. Myndræn framsetning merkjanna sé aftur á móti gerólík.

2.

Bréf V.D. Hönnunarhúss var sent Volcano Iceland, til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 13. júlí 2011. Svar fyrirtækisins er dags. 22. júlí 2011.

Þar er ítrekuð óánægja Volcano Iceland yfir notkun V.D. Hönnunarhúss á Volcano Design yfir í heildstætt vörumerkjaheiti á Volcano Icelandic Design. Volcano Iceland telji að þar með hafi vörumerki þess skaðast og truflað enn frekar aðgreiningu á þessum tveim vörumerkjum, Volcano Iceland og Volcano Design. Volcano Iceland hafi því óskað eftir því að notkun V.D. Hönnunarhúss verði stöðvuð á báðum vörumerkjum. Markaðssetning á vörumerkinu Volcano Iceland hafi verið frá því í maí 2009, áður en notkun á Volcano Icelandic Design hafi hafist. Neytendur hafi ruglast á þessum tveim vörumerkjum og aðgreiningin hafi ekki tekist sem skyldi og hafi skaðast enn frekar eftir að notkun á Volcano Icelandic Design hafi hafist.



Volcano Iceland telji rök V.D. Hönnunarhúss um að fyrirtækið hafi ekki brotið í bága við lögin með notkun á Volcano Icelandic Design standist ekki. Annað vörumerki geti ekki sætt sig við að verða fyrir tjóni vegna þekkingarleysis annars aðila þegar reglur séu skýrar í þessum efnunum.

Í eðlilegu ferli þegar farið sé af stað með firmaheiti og vörumerki, þá sé leitað á viðeigandi stöðum til að athuga hvort að vörumerki sé til staðar, s.s. Fyrirtækjaskrá, Einkaleyfastofum og leitarvélum. Í maí 2009, þegar Volcano Iceland hafi skoðað og skráð firmaheitið hafi ekki verið hægt að sjá að vörumerkið væri til staðar. Út frá framlögðum gögnum virðist sem það hafi verið í notkun í nokkra mánuði undir firmaheiti Easy Rider ehf. sem skráð sé í flokki 77.39.0 „ Leiga á öðrum ótöldum vélum og búnaði.“ Tvö viðtöl og forsíðumyndi í Vikunni geti varla talist til haldbærra gagna til að aðrir geti vitað um vörumerkið. Vitneskja Volcano Iceland um Volcano Design hafi orðið ljós um jólin 2009 en þá hafi ekki verið notast við Volcano Design Icelandic.

Formlegur ágreiningur hafi ekki verið á milli þessara tveggja merkja, Volcano Iceland og Volcano Design. Með notkun Easy Rider og V.D. Hönnunarhúss á heitinu Volcano Icelandic Design hafi formlegur ágreiningur orðið þar sem um villandi upplýsingar sé að ræða og Volcano Iceland telji að fyrirtækið hafi orðið fyrir talsverðu tjóni.

Volcano Iceland hafi tapað viðskiptum þegar neytendur hafi ekki fundið vörur sökum þess að þeir hafi farið í ranga verslun eða hringt í rangan aðila. Ekki virðast hafa verið gefnar upp viðeigandi upplýsingar um það hvar vörur merkisins Volcano Iceland sé að finna þrátt fyrir vitneskju þar að lútandi. Þá hafi Volcano Iceland fengið nokkra viðskiptavini í fyrirtækið og fyrirsurnir í tölvupósti sem hefðu átt að beinast til Volcano Design og ávallt gefið upplýsingar um það hvar fyrirtækið sé að finna.

Í bréfi V.D. Hönnunarhúss komi fram að notkun á heitinu Volcano Icelandic Design sé eingöngu sem auka upplýsingar í verslun fyrirtækisins fyrir erlenda ferðamenn til að gefa enn frekari lýsingar. Hið rétta sé að það hafi einnig verið notað sem heildstætt heiti á vörumerki fyrirtækisins í einhvern tíma t.d. á heimasíðu, í bæklingi fyrir erlenda ferðamenn og á íslenskri facebook síðu. Telji því Volcano Iceland að viljandi hafi verið gefnar upp villandi upplýsingar til neytenda til að hafa áhrif á viðskiptahætti.

Volcano Iceland hafi tekið hlé á nýrri hönnun á tískuvörum frá því í mars 2011, vegna breytinga og flutninga en hafi ekki hætt í tískuvörum. Vörur Volcano Iceland séu nú til sölu í þrem verslunum.

Volcano Iceland sjái ekki að mögulegt sé að tvö vörumerki með sama heiti geti verið á sama markaði með tískuvörur. Þrátt fyrir að merkin séu ólík þá sé heitið það sama sem neytendur noti.



3.

Bréf Volcano Iceland var sent V.D. Hönnunarhúsi til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 3. ágúst 2011. Svar fyrirtækisins er dags. 18. ágúst 2011. Þar segir m.a. að samkvæmt vörumerkjalögum geti eigandi vörumerkis ekki bannað öðrum að nota í starfsemi sinni lýsingar á tegund vöru eða þjónustu eða lýsingu á uppruna enda sé slík notkun í samræmi við góða viðskiptahætti. Notast hafi verið við orðalagið Icelandic Design til auðkenningar á vörum fyrirtækisins með því að vísa til uppruna varanna, til þess að ná til erlends markaðar. Það sé rangt að því hafi verið haldið fram að orðnotkunin væri einungis sem aukaupplýsingar í verslun fyrirtækisins. Að mati fyrirtækisins væri möguleikum til markaðssetningar settar mjög þröngar skorður ef ekki væri heimilt að auðkenna vörurnar með orðunum Icelandic Design. Telji fyrirtækið sér heimilt að auðkenna vörur fyrirtækisins með þessum hætti á fleiri stöðum en í gluggum verslunarinnar.

Í bréfi Volcano Iceland sé gefið í skyn að réttur V.D. Hönnunarhúss til vörumerkisins Volcano hafi ekki stofnast eða sé ekki jafn réttur Volcano Iceland þar sem um hafi verið að ræða vörumerki í eigu Easy Rider sem skráð sé í Firmaskrá sem „Leiga á öðrum ótöldum vélum og búnaði“. Í vörumerkjalögum sé það ekki skilyrði að fyrirtæki sem stofni til vörumerkis sé skráð í Firmaskrá í tilteknum flokki eða að firmaheiti þurfi að vera það sama og heiti vörumerkis. Þá segi bréfinu að tvö viðtöl og forsíðumynd í Vikunni geti vart talist til haldbærra gagna til að aðrir geti vitað um vörumerkið. Því sé til að svara að vörumerkjalög geri ekki kröfu um að notkun vörumerkis sé mjög umfangsmikil til þess að réttur til vörumerkis stofnist. Þá hafi upplýsingar um vörumerkið verið að finna á fleiri stöðum svo sem á heimasíðu, í verslun og í símaskrá.

Af vörumerkjalögum verði ekki dregin önnur ályktun en sú að það sé ekki til ein rétt leið til þess að öðlast rétt til vörumerkis. Hann geti stofnast með skráningu og hins vegar með notkun.

4.

Bréf V.D. Hönnunarhúss og Volcano var sent Volcano Iceland til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 23. ágúst 2011. Svar Volcano Iceland er dags. 31. ágúst 2011. Þar segir að stofnendur og aðstandendur fyrirtækisins hafi leitað á Google leitarvélinni og fleiri leitarvélum en höfðu enga vitneskju um Volcano Design fyrr en síðar á árinu 2009. Þá segir að hönnun Volcano Design sé ólík hönnun Volcano Iceland en ekki sé hægt að gera ráð fyrir að allir þekki hönnun þessara tveggja aðila. Eins og áður hafi komið fram þá séu vörur Volcano Iceland seldar á nokkrum stöðum. Hlé hafi verið gert á nýrri hönnun en eldri vörur séu og hafi verið til sölu.

5.

Bréf Volcano Iceland var sent V.D. Hönnunarhúsi Volcano til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 6. september 2011. Svar V.D. Hönnunarhúss og Volcano er dags. 16. september 2011. Þar kemur fram að V.D. Hönnunarhús hafi skráð myndmerkið Volcano, 15.



september 2011, hjá Einkaleyfastofu. Í umsókn V.D. Hönnunarhúss fyrir skráningunni var sérstaklega tekið fram að Volcano Iceland væri með Volcano skráð sem myndmerki frá 1. september 2010, en skráningarinnar væri óskað á grundvelli óslitinnar notkunar frá árinu 2008 og þess hver ólík merkin væru.

Þá eru fyrri rök ítrekuð til stuðnings því að notkun á vörumerkinu Volcano, jafnvel með auðkenninu Icelandic Design geti ekki á nokkurn hátt talist ganga gegn 5. eða 15. gr. a. laga nr. 57/2005.

6.

Með bréfi Neytendastofu til málsaðila, dags. 27. september 2011, var tilkynnt að gagnaöflun í málinu væri lokið. Gagnaskrá fylgdi bréfinu. Þá var Volcano Iceland sent bréf V.D. Hönnunarhúss til upplýsinga.

III.

Niðurstaða

1.

Í máli þessu kvartar Volcano Iceland ehf. yfir notkun V.D. Hönnunarhúss ehf. á heitinum Volcano, Volcano Design og Volcano Icelandic Design. Volcano Iceland hafi fengið vörumerkið Volcano skráð hjá Einkaleyfastofu í september 2010, án athugasemda. Að mati kvartanda er veruleg ruglingshætta á milli fyrirtækjanna enda vörumerkin bæði notuð fyrir hönnun á tískufatnaði. Í erindinu er ekki vísað til lagagreina en fram hefur komið það mat Neytendastofu að 5. gr. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu kæmu til álita í málinu.

Í gögnum V.D. Hönnunarhúss kemur fram að vörur fyrirtækisins hafi verið seldar undir merkinu Volcano allt frá árinu 2008. Upphaf Volcano markist af tískusýningu sem haldin hafi verið 17. júlí 2008, í tilefni af opnun búðarinnar Volcano. Á sama tíma hafi verið opnuð heimasíða með heitinu volcanodesign.org og ný heimasíða opnuð í mars 2009, með heitinu volcanodesign.is. Þegar verslun fyrirtækisins hafi flutt á Laugaveg hafi verið ákveðið að merkja fyrirtækið sérstaklega sem íslenska hönnun en slíkt sé alvanalegt hjá hönnunarbúðum á Laugavegi. Þá segi í vörumerkjalogum að þegar tveir eða fleiri krefjast vörumerkjaréttar á auðkennum er villast megi á, þá gangi eldri réttur fyrir yngri ef annað leiði ekki af ákvæðum laganna. Þá hafi V.D. Hönnunarhús fengið myndmerkið Volcano skráð hjá Einkaleyfastofu án vandkvæða, 15. september 2011. Það eina sem sé sammerkt með merkjum fyrirtækjanna sé að orðið Volcano kemur fram í þeim báðum. Myndræn framsetning merkjanna sé aftur á móti gerólík.



2.

Fram hefur komið að í máli þessu komi fyrst og fremst til álitá 5. gr. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Í 5. gr. laganna kemur fram að óréttmætir viðskiptahættir séu bannaðir. Bannið gildi áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Ákvæði 15. gr. a. er svohljóðandi:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd. Efnislega er 15. gr. a. samhljóða ákvæði eldri laga um almenna vernd auðkenna. Fyrri málsliður 15. gr. a. hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Af lögskýringargögnum sést glögg að ákvæðið skiptir máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þar kemur einnig fram að í 2. másl. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti. Þetta ákvæði tekur því til sömu auðkenna og almenna reglan í 1. másl. Þessi málsliður á við í þeim tilvikum sem báðir málsaðilar eiga rétt til auðkenna sinna og þarf þá að líta til þess hvort notkun þess sem seinna byrjaði notkun valdi ruglingshættu milli aðila.

Volcano Iceland var skráð firmaheiti árið 2009 og fékk myndmerkið Volcano skráð hjá Einkaleyfastofu, 1. september 2010. V.D. Hönnunarhús hefur notað heitið Volcano og Volcano Design frá því í júlí 2008 og Volcano Icelandic Design frá því í byrjun mars árið 2010. Þá fékk V.D. Hönnunarhús skráð myndmerkið Volcano hjá Einkaleyfastofu í september 2011. Bæði fyrirtækin hafa því rétt til notkunar á heitinu Volcano og V.D. Hönnunarhús auk þess rétt til notkunar á Volcano Design og Volcano Icelandic Design.

Bæði fyrirtækin hafa því rétt til notkunar ofangreindra auðkenna í skilningi 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Á því 2. málsliður 15. gr. a. við í máli þessu, en skv. málsliðnum er rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt er að nota auðkennið þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti. Skal því litið til þess hvort ruglingshætta í skilningi 15. gr. a. sé fyrir hendi.



2.

Réttur til vörumerkis getur stofnast annars vegar fyrir skráningu og hins vegar fyrir notkun. Meginreglan er sú að eigandi merkis öðlast einkarétt til nafnsins og er öðrum þar með óheimilt að nota það eða annað nafn sem líkist því svo mikið að ruglingshætta skapist. Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 er einkum ætlað að vernda auðkenni gegn því að keppinautur noti annað auðkenni sem líkist því mikið. Við mat á ruglingshættu er litið til þess hvort málsaðilar séu í samkeppni og hvort þeir séu á sama markaðssvæði og hvort þau beina vöru eða þjónustu að sama markhópi. Til þess að njóta einkaréttar verður vörumerkið að vera þess eðlis að það geti aðgreint eiganda vörumerkis málsaðila eða vöru hans eða þjónustu frá keppinautum og takmarkast verndin því við að vörumerkið sé ekki almennt orð og lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem málsaðili og keppinautar hans bjóða.

Báðir málsaðilar hafa með höndum hönnun og sölu á tískufatnaði fyrir konur og virðist því fyrirtækin beini vörum sínum að sama markhópi. Þar sem auðkenni beggja fyrirtækja innihalda sama orðið, þ.e. *volcano* er að mati Neytendastofu ákveðin hætta á að ruglingur verði á milli fyrirtækjanna þó svo að myndmerki þeirra séu töluvert ólík.

Orðið *volcano* þýðir eldfjall eða eldstöð og ljóst að það heiti er mjög einkennandi fyrir Ísland. Þó svo heitið sé ekki beint einkennandi fyrir starfsemi fyrirtækjanna er það mat Neytendastofu að heitið sé almennt heiti og eðlilegt að notað sé til þess að vekja athygli á íslenskri hönnun. Telja verður útilokað að heitið fengist skráð sem orðmerki enda bæði fyrirtækin fengið heitið skráð sem myndmerki hjá Einkaleyfastofu. Heitið getur því ekki notið einkaréttar. Sama á við um heitið *Design* sem þýðir m.a. hönnun, fatahönnun og mynstur. Orðið er almennt og lýsandi fyrir starfsemi V.D. Hönnunarhúss. Orðið *Icelandic* fengist, eðli málsins samkvæmt aldrei skráð sem orðmerki.

Með vísan til framangreinds er það mat Neytendastofu að notkun V.D. Hönnunarhúss á heitinum *Volcano*, *Volcano Design* og *Volcano Icelandic Design* brjóti ekki gegn ákvæði 2. málslíðs 15. gr. a., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005.



IV.

Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til aðgerða af hálfu Neytendastofu í máli þessu.“

Neytendastofa, 13. desember 2011

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir